

L Ö G

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 7 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 22. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingvær Gíslason.

L Ö G

um heimild til viðbótarlántöku og ábyrgðarheimild vegna framkvæmda á sviði orkumála 1979 o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán á árinu 1979 allt að 1570 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar upphæðar í erlendri mynt.

2. gr.

Lánsfé samkvæmt 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar 10. júlí 1979, um framkvæmdir á sviði orkumála 1979.

3. gr.

Heimil er lántaka vegna hitaveituframkvæmda sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 625 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

4. gr.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að taka lán að fjárhæð 80 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar hitaveituframkvæmda.

5. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð, eða að taka lán er komi að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar, og endurlána þeim aðilum, sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr., með þeim kjörum og skilmálum, sem hann ákveður.

6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast skuldbreytingalán, sem viðskiptabankar í eigu ríkisins veita oliufélögnum, vegna halla, sem myndast hefur til loka september-mánaðar 1979 á innkaupajöfnunarreikningum þeirra fyrir gasolíu, að fjárhæð allt að 2 800 millj. króna, með skilmálum, sem fjármálaráðherra ákveður.

7. gr.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er heimilt að taka skammtímalán hjá Seðlabanka Íslands til að fjármagna tímabundinn mismun tekna og gjalda ríkissjóðs allt að 4 500 millj. kr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 9 13. febr. 1970, um Iðnþróunarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningnum sem gerðar voru í Reykjavík 29. apríl 1980.

Texti breytinganna fylgir lögum þessum og teljast þær hluti af þeim. Þegar þær hafa öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði samningsins þannig breytt hafa lagagildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

A. 5. mgr. 2. liðs samningsins orðist svo:

Ábyrgð Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar á skuldbindingum sjóðsins er takmörkuð við hlutdeild þeirra í stofnfénu á hverjum tíma. Ísland er á